

Sigurður Briem lauk prófi í raforkuverkfræði frá KTH í Stokkhólmi 1962. Að námi loknu starfaði hann hjá veitukerfiseild Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Hann hóf störf sem rafmagnsstjóri hjá ÍSAL 1967 og starfaði þar alla tíð síðan. Hann var rekstrarstjóri 1967-81 og síðar starfsmannastjóri og deildarstjóri starfsmanna- og aðfangadeildar.

Sigurður var prófdómari við verkfræðideild Háskóla Íslands og tók þátt í störfum nefndar sem undirbjó nám til BS-prófs í rafmagnsverkfræði við sama skóla.

Sigurður var um skeið í kynningar- og ritnefnd VFÍ. Hann var í Orðanefnd rafmagnsverkfræðingadeildar í 55 ár, frá árinu 1969 allt til 2024 er hann lét af störfum og afhenti félaginu formlega gögn nefndarinnar. Orðanefndin er er langelsta starfandi orðanefnd landsins og hefur gefið út iðorðasafn í sautján orðabókum.

Sigurður Briem hefur með störfum sínum fyrir Verkfræðingafélag Íslands unnið ómetanlegt starf á sviði iðorðasmíði og verndun íslenskrar tungu.